

## SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

### Sendiherrar

3. febrúar afhenti Luigi Bellotti forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Vatíkansins á Íslandi með aðsetur í Vedbæk í Danmörku. Um leið lét Joseph Zabkar af störfum sendiherra Vatíkansins á Íslandi.

S. d. afhenti Gad Elron forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ísraels á Íslandi með aðsetur í Osló. Um leið lét Hava Hareli af störfum sendiherra Ísraels á Íslandi.

29. mars afhenti Jonkheer Jan Louis Reiner Huydecoper forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Hollands á Íslandi með aðsetur í London. Um leið lét Robbert Fack af störfum sendiherra Hollands á Íslandi.

7. apríl var tilkynnt að fallið væri niður útnefning Abdolrahim Gavahi sem fengið hafði viðurkenningu sem sendiherra Írans á Íslandi 28. janúar 1981, en afhenti ekki trúnaðarbréf.

15. apríl afhenti Karol Nowakowski forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Póllands á Íslandi með aðsetur í Osló. Um leið lét Henryk Wendrowski af störfum sendiherra Póllands á Íslandi.

S. d. afhenti Josef Pribyl forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tékkóslóvakíu á Íslandi með aðsetur í Osló. Um leið lét Stefan Sutka af störfum sendiherra Tékkóslóvakíu á Íslandi.

19. apríl afhenti Luke Salisu Momodu Osobase forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Nígeríu á Íslandi með aðsetur í Dublin.

28. apríl var Pablo Valdés Phillips veitt viðurkenning til að vera sendiherra Chile á Íslandi með aðsetur í Osló. Útnefning hans var síðan afturkölluð 9. júlí sama ár.

16. júní afhenti Daniel N.M. Molka forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tansaníu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi. Um leið lét John Edward Fumbwe Mhina af störfum sendiherra Tansaníu á Íslandi.

S. d. afhenti Kamol Kaosayananda forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Thailandis á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn. Um leið lét Chet Navarat af störfum sendiherra Thailandis á Íslandi.

13. júlí afhenti Moncef Ghariani forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Túnis á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi. Um leið lét Brahim Turki af störfum sendiherra Túnis á Íslandi.

25. ágúst afhenti Louis Legendre forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Frakklands á Íslandi með aðsetur í Reykjavík. Um leið lét Francois Desbans af störfum sendiherra Frakklands á Íslandi.

8. október afhenti Martin Gunnar Isaksson forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Finnlands á Íslandi með aðsetur í Reykjavík. Um leið lét Lars Lindeman af störfum sendiherra Finnlands á Íslandi.

27. október afhenti Nguyen Tuan Lieu forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Víetnam á Íslandi með aðsetur í Bonn. Um leið lét Nguyen Dinh Thanh af störfum sendiherra Víetnam á Íslandi.

S. d. afhenti Hardev Bhalla forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetur í Osló. Um leið lét George Gilbert Swell af störfum sendiherra Indlands á Íslandi. Útnefning Raj Kumar Dorendra Singh féll hins vegar niður, en honum hafði verið veitt viðurkenning 4. desember 1980.

8. nóvember var Izedin Hajdini veitt viðurkenning til að vera sendiherra Albaníu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

11. nóvember afhenti Hans Georg Rudofsky forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Austurríkis á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn. Um leið lét dr. Erich Pichler af störfum sendiherra Austurríkis á Íslandi.

S. d. afhenti dr. Fernando Florez Ibarra forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kúbu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi. Um leið lét Quintin Pino Machado af störfum sendiherra Kúbu á Íslandi.

26. nóvember var Nikos Kyriazides veitt viðurkenning til að vera sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetur í London.

2. desember afhenti Humberto Bettencourt Santos forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Cabo Verde á Íslandi með aðsetur í Haag. Um leið lét dr. Corsino António Fortes af störfum sendiherra Cabo Verde á Íslandi.

S. d. afhenti Shin Sang Ku forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Norður-Kóreu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi. Um leið lét Om Yong Sik af störfum sendiherra Norður-Kóreu á Íslandi.

23. desember var Richard Thomas veitt viðurkenning til að vera sendiherra Bretlands á Íslandi með aðsetur í Reykjavík.

30. desember var Mustafa Kamal veitt viðurkenning til að vera sendiherra Bangladesh á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

### Ræðismenn

9. febrúar var Ólafi B. Thors veitt viðurkenning sem aðalkjöræðismanni Japans í Reykjavík.

23. febrúar var Edward E. Skrabec veitt viðurkenning sem ræðismanni Kanada á Íslandi.

1. júlí samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Svíþjóðar var Sigurjóni Sæmundssyni veitt lausn fyrir aldurs sakir sem varakjöræðismanni Svíþjóðar á Siglufirði.

16. júlí var Stefáni Jóhannssyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Svíþjóðar á Seyðisfirði.

S. d. var Birni Jónassyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Svíþjóðar á Siglufirði.

S. d. var Gunnlaugi P. Kristinssyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Svíþjóðar á Akureyri.

15. september var Lucy A. Perron veitt viðurkenning sem vararæðismanni Bandaríkjanna í Reykjavík.

7. desember var Gunnari J. Friðrikssyni veitt viðurkenning sem aðalkjöræðismanni Túnis í Reykjavík.

17. desember var Pétri Blöndal veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Sambandslýðveldisins Þýskalands á Seyðisfirði, með Norður- og Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu sem umdæmi.

S. d. var Kristni Friðþjófsyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Sambandslýðveldisins Þýskalands á Vatneyri, með Barðarstrandarsýslu sem umdæmi.

S. d. var Úlfi Gunnarssyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Sambandslýðveldisins Þýskalands á Ísafirði, með Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu sem umdæmi.

S. d. var dr. Karli Kortssyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Sambandslýðveldisins Þýskalands á Hellu, með Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu sem umdæmi.

S. d. var Svani Eiríkssyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Sambandslýðveldisins Þýskalands á Akureyri.

20. desember var J. D. Borrowman veitt viðurkenning sem vararæðismanni Kanada á Íslandi.

S. d. var W. G. McEwen veitt viðurkenning sem vararæðismanni Kanada á Íslandi.